

**Sp.**

## **486. Tilaga til þingsályktunar**

um skiptingu innflutnings- og gjaldeyrisleyfa milli landshluta.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Jón Pálmason, Lúðvik Jósefsson,  
Hannibal Valdimarsson, Halldór Ásgrímsson, Steingrímur Steinþórsson,  
Jón Sigurðsson og Björn Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma nú þegar á þeirri skipan varðandi úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa samkvæmt II. kafla laga nr. 70/1947, að eftirfarandi meginreglum verði fylgt við skiptingu vöruinnflutningsins:

1. Heildarinnflutningi til landsins á skömmtunarvörum og öðrum venjulegum verzlunarvörum, öðrum en þeim, sem taldar eru í 2.—4. lið, verði skipt niður á landsfjórðunga, eftir nánar tilteknum mörkum, í hlutfalli við íbúatölu og þarfir hvers fjórðungssvæðis. Leyfunum sé úthlutað til verzlana og fyrirtækja búsettra innan hvers fjórðungssvæðis.
2. Heildarinnflutningi til landsins á byggingarvörum verði skipt niður á sömu fjórðungssvæði í fullu samræmi við fjárfestingarleyfi fjárhagsráðs og sveitarstjórna á hverju svæði.
3. Heildarinnflutningi á útgerðarvörum skal úthluta til fjórðungssvæðanna í hlutfalli við skipastól og útgerðarrekstur hvers svæðis.
4. Heildarinnflutningi á efnivörum til iðnaðar skal skipt niður á fjórðungssvæðin og úthlutað til verksmiðju- og iðnfyrirtækja í hlutfalli við verksmiðju- og iðnrekstur á fjórðungssvæðunum, með tilliti til afkastagetu og möguleika fyrirtækjanna til hagkvæmrar og ódýrrar framleiðslu. Iðnfyrirtækin skulu skipta framleiðslu sinni milli landshluta eftir fyrirmælum viðskiptanefndar, hlutfallslega eftir þörfum hvers svæðis.

Viðskiptanefnd verði falið að birta opinberlega innan eins mánaðar frá lokum hvers árhelmingis yfirlit um leyfisveitingar í hvern landsfjórðung á næstliðnum 6 mánuðum, sundurliðað eftir aðalvöruflokkum.

### **Greinargerð.**

Í næstliðnum febrúarmánuði komu fulltrúar frá kaupstöðum og kauptúnum á Vestur-, Norður- og Austurlandi saman á fund í Reykjavík til þess að ræða um viðskipta- og siglingamál þeirra landshluta. Á þeim fundi voru samþykktar ályktanir um skiptingu vöruinnflutningsins milli landsfjórðunga, efnislega samhljóða þeim tillögum, sem hér eru fram bornar.

Nefnd frá þessum fulltrúafundi átti tal við fjárhagsráð og viðskiptanefnd um innflutningsmálin, en þar sem engin ákveðin svör bárust frá þeim aðilum áður en fulltrúafundinum var slitið, var flutningsmönnum þessarar þingsályktunartillögu falið að vinna að því, að ályktanir fundarins kæmst til framkvæmda.

Nokkrir af flutningsmönnum tillögunnar hafa rætt um þetta mál við viðskiptanefnd og ítrekað þar kröfur fulltrúafundarins. Í bréfi viðskiptanefndar til flutningsmanna, dags. 11. marz 1948, tekur nefndin máli þeirra vinsamlega. En þar sem ályktun sú um þetta mál, sem nefndin hefur gert og birt er í nefndu bréfi hennar, er ekki fullnægjandi að álitu flutningsmanna, flytja þeir tillögu þessa, um að fela ríkisstjórninni að koma nú þegar á því fyrirkomulagi á skiptingu vöruinnflutningsins, sem krafizt var á fulltrúafundi verzlunarstaðanna, sem áður er um getið.